

Þinggerð 23. Karateþings 27. febrúar 2010.

1. Þingsetning.

Reinhard Reinhardsson setti þingið með ávarpi.

“Fundarstjóri, forseti ÍSÍ, þingfulltrúar og aðrir gestir.

Ég bið ykkur öll velkomin á þetta 23. Karateþing sem haldið er nú þegar 25 ár eru liðin frá stofnun Karatesambands Íslands.

Karate hefur verið stundað á Íslandi frá því um og eftir 1960. Elstu skráðar heimildir eru frá 1965 en frá 1971 hefur karate verið iðkað samfelld á landinu.

Upp úr 1975 fóru karatemenn að sækja á ÍSÍ um að komast í tölu íþróttamanna en nokkur bið varð á að stofnuð yrði nefnd innan ÍSÍ um karate.

Í apríl 1984 var stofnuð Landsliðsnefnd í Karate (LÍK) og var stefnt á að senda keppendur á Norðurlandameistaramótið það ár. Það hafðist og um haustið samþykkti Framkvæmdastjórn ÍSÍ að stofna Karatenefnd og starfaði hún fram að stofnun KAÍ, 28. febrúar 1985. Fyrsti formaður KAÍ var Hannes Hilmarsson og gendi því starfi til nóvember sama ár. Undir forystu hans var haldið Pressumót í sjónvarpsal, fyrsta Norðurlandameistaramótið á Íslandi og einnig fyrsta Íslandsmeistarmótið í karate. Karl Gauti Hjaltason tók við af honum og hélt um stjórnvölinn í 13 ár eða til 1998. Ólafur Wallevik tók við af Karli Gauta 1998 og var formaður til 2006 er undirritaður tók við.

Í tilefni af þessum tímamótum hefur verið safnað saman á einn stað öllum ársskýrslum KAÍ og þinggerðum sem fundust. Listi yfir alla stjórnarmenn sambandsins frá upphafi, listi yfir alla Íslandsmeistara, Bikar- og GP meistara frá 1985. Ég vil þakka Helga Jóhannessyni við að safna þessum upplýsingum saman. Viðurkenningar sem karatemenn hafa fengið í gegnum árin. Úrslit úr NM sem haldin hafa verið á Íslandi, landsliðsþjálfarar og einnig flest öllum blöðum og ritum um karate sem komið hafa út á Íslandi. Einnig er unnið að skráningu karatesögunnar frá 1960. Allt þetta er komið inn á vef KAÍ og fleira er væntanlegt.

Það er rétt að þakka forystu ÍSÍ í gegnum árin fyrir velvilja í garð karatemanna og -kvenna, má þar nefna Forseta ÍSÍ, fyrst Svein Björnsson, þá Ellert Schram og núverandi forseta Ólaf E. Rafnsson. Einnig framkvæmdastjórum ÍSÍ, þeim Hermann Guðmundssyni, sem var okkur hjálplegur við stofnun sambandsins, Stefáni Konráðssyni og Líneyu Rut Halldórsdóttur sem hafa stutt okkur með ráðum og dáðum í gegnum árin.”

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Kosinn þingforseti.

Helgi Jóhannesson kjörinn þingforseti.

Kosinn þingritari.

Jón Ingi Þorvaldsson kjörinn þingritari.

Ávörp gesta.

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ ávarpaði þingið.

Hann hrósaði sambandinu m.a. fyrir góða skýrslu og ráðdeild í rekstri og öflugt starf. Hann kom inn á mikilvægi þess forvarnargildis sem íþróttaiðkun hefur fyrir börn og unglinga. Hann hvatti þinggesti til að taka til máls á þingum sambandsins og viðra skoðanir sínar jafnvel þótt skoðanir séu skiptar og leggja áherzlu á að ná sáttum og standa saman með stjórn sambandsins í að byggja upp íþróttina.

Hann veitti þremur karateiðkendum silfurmerki ÍSÍ, þeim Eddu Blöndal, Halldóri Svavarssyni og Helga Jóhannessyni fyrir árangur í íþróttinni og störf fyrir karatehreyfinguna í gegnum árin.

3. Kosnar fastar nefndir:

- a. Kjörbréfanefnd.
 - a. Indriði Jónsson
 - b. Halldór Svavarsson
 - c. Sigríður Björnsdóttir
- b. Fjárlaganefnd.
 - a. Guðni Már Egilsson
 - b. Eyþór Ragnarsson
 - c. Gísli Magnússon
- c. Laga- og leikreglnanefnd.
 - a. Helgi Jóhannesson
 - b. Jón Ingi Þorvaldsson
 - c. Willem Cornelis Verheul
- d. Allsherjarnefnd.
 - a. Daníel Sigurðsson
 - b. Pétur Ragnarsson
 - c. Einar Þórarinsson
- e. Kjörnefnd.
 - a. Reinhard Reinhardsson
 - b. Ágústa Andrésdóttir
 - c. Ólafur Helgi Hreinsson

Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.

Kjörbréfanefnd hefur störf.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Reinhard Reinhardsson fór yfir skýrslu stjórnar.

Indriði Jónsson gerði grein fyrir niðurstöðu kjörbréfanefndar um fjölda gildra þingfulltrúa sem eru 24 talsins en 26 voru tilkynntir með kjörbréfum.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar. Reinhard gerir grein fyrir reikningum sambandsins þar sem gjaldkeri er fjarverandi. Reikningar samþykktir einróma.

6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Helgi Jóhannesson fór yfir fjárhagsáætlun ársins.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið. Engar breytingatillögur hafa borizt.

8. Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar. Tvö erindi hafa borizt til stjórnar:

- Tillaga um fjölmiðlanefnd.
- Tillaga um útgáfu mótaskrár.

Báðum tillögum vísað til allsherjarnefndar.

9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

- Þ I N G H L É -

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Guðni Már Egilsson gerði grein fyrir niðurstöðum fjárlaganefndar og fór yfir breytingar á fjárhagsáætlun. Nokkrir liðir hækka frá fyrri áætlun og liggur þá fyrir áætlun sem gerir ráð fyrir að rekstur sambandsins verði á núlli á árinu. Hærri kostnaður er aðallega vegna kaupa á göllum fyrir landslið. Ný áætlun samþykkt einróma.

Fjárhagsáætlun 2010

Tekjur		Raun upphæð		Áætlun 2009
		Áætlun 2010	2009	
1111000	Framlög og styrkir	5.200.000	5.897.517	5.000.000
1115000	Tekjur af mótum	850.000	861.500	740.000
1117000	Auglýsingatekjur			
1120000	Húsa- og vallarleigutekjur			
1122000	Félags-, æfinga- og námsk.tekj	400.000	391.500	360.000
1123000	Aðrar tekjur			
1129999	Tekjur alls	6.450.000	7.150.517	6.100.000

Gjöld

1131000	Laun og verktakagreiðslur	600.000		
1135000	Styrkir deilda/Félagaskipti...			
1137000	Áhöld og tæki	400.000	-21.000	200.000
1140000	Þátttaka í mótum			
1141000	Ferðakostn. innanlands			
1142000	Ferðakostn. erlendis	2.800.000	2.506.453	2.700.000
1143000	Annar þátttökukostn.	100.000	155.689	150.000
1145000	Kostnaður við mótahald	700.000	671.887	750.000
1148000	Rekstur mannvirkja	150.000	141.276	150.000
1153000	Rekstur skrifstofu	250.000	228.556	200.000
1156000	Kynning, fræðsla og útbreiðsla	1.000.000	729.468	1.000.000
1160000	Kostn. samkeppnisreksturs			
1165000	Önnur gjöld / bankar ofl.	50.000	855	100.000
1170000	Erlend samskipti	400.000	386.037	350.000
1174999	REKSTRARGJÖLD ALLS	6.450.000	4.799.221	5.600.000

Hagnaður/tap:

0

Iðkendagjald: 300

Daníel Sigurðsson, formaður allsherjarnefndar, gerði grein fyrir þeim tveimur tillögum sem lágu fyrir nefndinni. Nefndin lýsir yfir stuðningi við tillögu frá Guðna um fjölmiðlanefnd. Nokkrir tóku til máls og voru flestir á því að ekki væri rétt að greiða nefndarmönnum fyrir störf sín innan KAÍ, með því væri farið út á hála braut varðandi kostnað. M.a. var stungið upp á því að einn stjórnarmanna hefði þetta hlutverk. Samþykkt einróma að vísa tillögunni til stjórnar KAÍ.

Hin tillagan var frá Helga um mótaskrá. Allsherjarnefnd lýsir yfir stuðningi við tillöguna og leggur til að verkinu verði lokið fyrir 3. GP/bikarmót vetrarins sem haldið verður þann 17. apríl. Tillagan samþykkt einróma og vísað til stjórnar KAÍ.

Reinhard Reinhardsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tillögum að skipan stjórnar og nefnda. Tillögurnar eru eftirfarandi:

Stjórn KAÍ:

- Reinhard Reinhardsson, formaður
- Helgi Jóhannesson
- Guðni Már Egilsson
- Einar Þórarinsson

- Daníel Sigurðsson
- Indriði Jónsson, varamaður
- Jón Ingi Þorvaldsson, varamaður
- Arnar Þór Björgvinsson, varamaður
-

Aganefnd:

- Ásmundur Ísak Jónsson, formaður
- Gísli Magnússon
- Ólafur Helgi Hreinsson
- Willem Cornelis Verheul
- Magnús Kr. Eyjólfsson
- Guðni Már Egilsson, varamaður
- Grétar Örn Halldórsson, varamaður
- Vicente Carrasco, varamaður

11. Önnur mál.

Helgi Jóhannesson tók til máls og fór yfir ýmis mál sem tengjast dómgæzlu og mótahaldi. Hann minnti m.a. alla á að frá og með haustinu 2010 verði búk- og andlitshlífar skylda fyrir alla keppendur 15 ára og yngri.

Umræða um menntun þjálfara og þjálfaranámskeið ÍSÍ og það hvort rétt sé að KAÍ búi til umgjörð um sérstök námskeið fyrir karateþjálfara. Willem lagði til að KAÍ semdi reglur um það hvort og hvernig hægt verði að lána keppendur á milli félaga. Hann lagði einnig til að reglum um aganefnd yrði breytt þ.a. hún tæki einnig á brotum í æfingasal og á götum úti, en ekki bara á mótum.

Helgi Jóhannesson benti á að reglurnar væru nokkuð víðar og gætu tekið á slíkum atvikum utan móta og rakti dæmi um slík atvik sem tekið hefði verið á.

Ólafur Hreinsson hvatti þinggesti um að vekja máls á atvikum sem menn verða vitni af eða heyra af og tilkynna slík mál til aganefndar.

Willem Verheul benti á nokkrar reglur um Íslandsmót sem þyrfti að breyta, m.a. um að reglur ættu að kveða á um að 5 dómara væru í kata.

Reinharð Reinharðsson tók til máls og sagði að þessar tillögur yrðu teknar til umræðu í stjórn KAI og reglum þá breytt fyrir næsta tímabil en yrðu óbreyttar út þetta keppnistímabil.

Jón Ingi Þorvaedsson tók til máls og tjáði þá skoðun sína að varasamt væri að taka út ákvæði sem gefur okkur svigrúm til þess að hafa 3 dómara í kata, jafnvel þótt mikil framför hefði verið í þessum efnum. Hann mærði dómaranefnd og Helga Jóhannesson sérstaklega fyrir að skapa umgjörð sem í fyrsta sinn væri farin að vekja áhuga á dómgæzlu.

Ólafur Helgi Hreinsson og Ágústa Andrésdóttir tóku til máls og tóku undir lofsyrði í garð dómaranefndar og mótanefndar, sér í lagi í garð Helga og Þórunnar og einnig landsliðsnefndar.

Willem tjáði þá skoðun sína að mótanefnd verði að dreifa verkefnum betur þ.a. allt hvíli ekki á herðum eins eða tveggja.

Guðni Már Egilsson steig í pontu og hrósaði landsliðsnefnd sérstaklega (en gat þess einnig að Þórunn væri farin að eyða meiri tíma með Willem en með sér ;-)

Þórunn Elísdóttir stakk upp á því að sett væri á stofn starfsmannanefnd.

Helgi Jóhannesson lagði hins vegar til að réttara væri að virkja betur alla mótanefndina.

Jón Ingi Þorvaldsson skaut inn athugasemd varðandi blönduð lið á milli félaga að félög þyrftu að hans mati í öllum tilfellum að keppa fyrir eitt félag (en ekki þ.a. stig dreifst á milli félaga).

12. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmenn reikninga.

Stjórn KAÍ:

- Reinhard Reinhardsson, formaður
- Helgi Jóhannesson
- Guðni Már Egilsson
- Einar Þórarinsson
- Daníel Sigurðsson
- Indriði Jónsson, varamaður
- Jón Ingi Þorvaldsson, varamaður
- Arnar Þór Björgvinsson, varamaður
-

Sjálfkjörið í stjórn og varastjórn.

Skoðunarmenn reikninga kjörnir Indriði Jónsson og Helga Arnardóttir.

13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.

Aganefnd:

- Ásmundur Ísak Jónsson, formaður
- Gísli Magnússon
- Ólafur Helgi Hreinsson
- Willem Cornelis Verheul
- Magnús Kr. Eyjólfsson
- Guðni Már Egilsson, varamaður
- Grétar Örn Halldórsson, varamaður
- Vicente Carrasco, varamaður

14. Val fulltrúa á Íþróttahring.

Tillaga um að vísa þessu til stjórnar KAÍ, samþykkt einróma.

15. Þingslit.

Reinhard þakkaði þinggestum fyrir komuna og vakti athygli á Karatedeginum á morgun. Hann bað formenn/forsvarsmenn félaga að vera eftir til að funda að þingi loknu. Að því búnu sleit hann þinginu.

Jón Ingi Þorvaldsson
Þingritari

Helgi Jóhannesson
Þingforseti